Rætt við Gísla Jóhannesson skipstjóra á Jóni Finnssyni

MARGIR í hópi sjómanna, útgerðarmanna og skipstjóra eru ósammála niðurstöðum mælinga fiskifræðinga á stærð íslenzka loðnustofnsins. Einn í þeim hópi er Gísli Jóhannesson skipstjóri og eigandi Jóns Finnssonar RE 506. Jón Finnsson er nú kominn með rösklega 6 þúsund tonn á vertíðinni og þar af hefur Gísli komið með 1800 tonn að landi síðustu 9 dagana. Morgunblaðið ræddi við Gísla í gær og var hann fyrst spurður álits á fyrrnefndum mælingum.

„Ég er alls ekki dús við þessar mælingar og tel að miklu meira sé af loðnu í sjónum en þeir segja. Það er breytilegt milli ára hvenær loðnan kemur frá Grænlandi og ég tel, að enn sé þar talsvert af loðnu með ströndinni. Fyrir nokkru voru skipin nokkra tugi mílna frá Grænlandsströnd og þar var óhemju mikið af loðnupeðringi á stóru stykki. Þetta tel ég að hafi ekki skilað sér í mælingunni.

Í síðustu viku voru jafnvel 25-40 mílur á milli skipa á miðunum, allir veiddu vel og alls staðar virtist loðna. Menn höfðu á orði, að sumar torfurnar væru stærri, en það sem fiskifræðingar mældu á öllu svæðinu. Aðfaranótt miðvikudagsins voru bátarnir farnir að þétta sig, en við vorum þó einum 15 mílum austur af flotanum. Þar voru mjög stórar torfur, en stóðu djúpt þannig að við náðum ekki loðnu þar. Síðustu dagar styrkja okkar skoðanir, en þá hafa skipin iðulega fengið 5-800 tonna köst og jafnvel enn stærri.


Eins og menn muna gáfu fiskifræðingar út þann dóm fyrir tveimur árum, að klakið 1978 hefði brugðist. Mín skoðun er hins vegar sú, að þeir hafi ekki leitað á réttum stöðum, samanber það, að mikið var af löðningum á Sporðagrunni þá um sumarið. Þessi loðna ber uppi veiðina nú og ég óttast ekki að lítið sé til af þessum árgangi."

—Nú hefur mikið verið af smáloðnu í aflanum í haust, er það ekki hættumerki?

„Ég tel ekki að svo sé. Smáloðnan er grynnra í, en ef maður fær góð köst og nær dýpra er það yfirleitt boltaloðna. Stóra loðnan stendur bara dýpra. Málið er það, að ytri skilyrðin eru önnur í ár. Loðnan er seinna á ferðinni núna en í fyrra, þá byrjaði að veiðast mjög vel fyrstu dagana í október, en í ár var rólegt yfir þessu fram í miðjan mánuðinn. Það er ekki fyrr en eftir að loðnan kemur í íslenzku landhelgina að hún fer að torfa sig svo einhverju nemi.

Ég vil nefna, að við lönduðum 4. þessa mánaðar í Neskaupstað og þá var loðnan 18% feit, en á sama tíma í fyrra var hún farin að missa fituna. Þetta segir mér, að fæðuskilyrði eru önnur núna en þá og sama er að segja um hitann í sjónum og fleiri ytri skilyrði.

Ég get ekki annað en skorað á



Á miðunum fyrir 2 árum.

„Dús við kvótaskiptinguna en kvótinn er alltof lítill"

viðkomandi aðila, að þeir leyfi okkur að veiða það magn af loðnu, sem ákveðið var í sumar, það er algjört lágmark. Þessi niðurskurður um 30% setur menn alveg upp við vegg og nóg var þó komið af þessum niðurskurði áður. Það mundi hvína í flestum öðrum stéttum ef hennar möguleikar væru skornir niður um 30%.

Ég er ekki í vafa um, að fiskifræðingar gera sitt bezta og þetta eru beztu menn. Í þessu máli er hins vegar svo mikið í húfi, að ekki er stætt á því, að menn kveði upp „stóradóm" eftir aðeins fárra daga rannsóknir. Fiskifræðingarnir verða að fá meiri tíma og tæki til að kanna þetta nánar."

—Ertu ánægður með það fyrirkomulag, sem nú er á veiðunum, þ.e. kvótaskiptinguna?

„Ég er alveg dús við kvótaskiptinguna, nema hvað kvótinn er alltof lítill. Ég held að menn geti verið ásáttir um, að þetta fyrirkomulag hafi sparað útgerðarkostnað og ekki veitir af



Gísli Jóhannesson.

þegar olíukostnaður er kominn upp í 20-30% af útgerðarkostnaði. Mönnum fannst nóg um þegar olíukostnaðurinn var 10%, hvað þá núna, og ég er algjörlega á móti því að útgerðin beri olíukostnaðinn ein.

Fyrst þessi kvóti hefur verið settur á skipin vil ég, að menn fái að ráða því sjálfir hvenær þeir taka sinn skammt. Miðað við undanfarin ár hefur september verið lélegur og svo var einnig í ár. Ég hefði því viljað byrja miklu fyrr, en slappa síðan jafnvel af í september og taka þetta með trukki í október. Loðnan var stór og feit þegar Norðmennirnir voru að veiða við Jan Mayen í sumar, en þá máttum við ekki hreyfa okkur. Svo er það nú eitt, að alltaf er verið að tala um öryggismál sjómanna og menn eru að vorkenna loðnusjómönnum norður í höfum erfiðasta tíma ársins. Hefði ekki verið öryggi í því að leyfa okkur að byrja fyrr og veiða loðnuna, meðan veður voru skaplegri."

Loðnubátarnir eru margir hverjir byrjaðir á síldveiðum og sumir eru reyndar búnir að veiða sinn 140 tonna kvóta. Jón Finnsson fer á síld í lok mánaðarins og fyrirhugað er að selja aflann í Danmörku fyrstu vikuna í desember. Gísli Jóhannesson var að lokum spurður hvort nóg væri af síldinni og hvort ekki væri rangt að hleypa loðnuskipunum á síldina.

„Það er búið að skerða loðnuveiðarnar svo mikið, að það er lágmark að tvöfalda síldveiðikvóta okkar. Ég held, að nóg sé af síldinni og það er t.d. verið að tala um, að smásíldina vanti. Á sama tíma hef ég þær fréttir að vestan, að heimamenn segja, að óvenju mikið sé af smásíld í Ísafjarðardjúpi. Þegar við vorum að koma inn til Bolungarvíkur fyrir skömmu og sigldum með Stigahlíðinni var vaðandi smásíld í 3-4 mílur allt frá yfirborði niður á botn á 50-60 faðma dýpi.

Þá má nefna, að er Gígjan var suður af Malarrifi á suðurleið aðfaranótt fimmtudags fékk hún síldartorfu undir. Þetta var á 40 faðma dýpi og var síldin frá 5 föðmum niður á botn. Það væri gaman að athuga hvaða stofn þarna er á ferðinni," sagði Gísli Jóhannesson að lokum.

Almennur fundur um umferðarmál í Vesturbænum

MORGUNBLAÐINU hefur borizt eftirfarandi fréttatilkynning frá Íbúasamtökum Vesturbæjar:

Íbúasamtök Vesturbæjar boða til almenns fundar um umferðarmál í Vesturbænum, mánudaginn 10. nóvember í Iðnó uppi, kl. 20.30.

Framsögu hefur umferðarnefnd samtakanna, sem undirbúið hefur tillögur um úrbætur í þeim efnum. Fulltrúum hlutaðeigandi borgaryfirvalda er boðið á fundinn.

Vesturbærinn er gróið íbúðarhverfi. Vesturbæingar eiga rétt á sama öryggi í sínum heimkynnum og íbúar nýju hverfanna þar sem tekið er tillit til gangandi fólks. Margt gamalt fólk býr í hverfinu og undanfarin ár hefur börnum fjölgað mikið vegna aðflutnings yngra fólks.


Göturnar eru þröngar og þola ekki þunga og hraða umferð eins og nú er um hverfið.

Fundur Prestafélags Suðurlands:

Fjallað um kirkjubyggingar og starfsaðstöðu safnaða

AÐALFUNDUR Prestafélags Suðurlands var haldinn í Skálholti dagana 21. og 22. september síðastliðinn. Stjórn félagsins var endurkjörin, þeir Frank M. Halldórsson formaður, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson gjaldkeri og sr. Tómas Guðmundsson ritari.

Auk aðalfundarstarfa voru flutt tvö erindi. Stjórn félagsins hafði borist bréf frá Guðfræðideild Háskóla Íslands, þar sem óskað var eftir nánara samstarfi við prestafélagsdeildirnar. Að samkomulagi varð að sr. Arngrímur Jónsson, sem kenndi kirkjusögu síðastliðinn vetur við guðfræðideildina og Einar Sigurbjörnsson prófessor flyttu framsöguerindi. Erindi sr. Arngríms fjallaði um texta fastra liða messunnar og var það mjög áhugavert og fræðandi, en erindi dr. Einars nefndist embætti og prestdómur, sem varpaði nýju ljósi á prestsembættið í dag. Voru fundarmenn á einu máli um að þeir hefðu haft ómetanlegt gagn af báðum framsöguerindunum.



Frá sýningunni „FRÍM '80" að Kjarvalsstöðum.

FRÍM '80 á Kjarvalsstöðum

FÉLAG Frímerkjasafnara heldur sýningu á Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Heitir sýningin „FRÍM '80" og er þar að finna hluta af söfnum ýmissa félagsmanna FF. Tilgangurinn með sýningunni er einkum sá að kynna fólki úrval frímerkjasafna og benda almenningi á hve frímerkjasöfnun getur verið margvísleg, eins og fram kemur í sýningarskrá. Þetta er önnur stærsta frímerkjasýning sem haldin er hér á landi.

Sýningardagana verða flutt ýmis erindi um frímerki og einnig verða sýndar kvikmyndir um fyrstadagsumslög, framleiðsluferil frímerkisins og fleira. Einnig verður haldinn frímerkjamarkaður. Sýningin er að hluta til haldin í minningu Sigurðar Ágústssonar, félaga og stjórnarmanns FF, sem lést á síðasta ári. Á sýningunni eru barmmerki af margvíslegri gerð, og myntsafnarar munu einnig kynna þarna sitt áhugamál. Dagur frímerkisins er 10. nóvember og lýkur þá sýningunni.

Áhugamenn um frímerki af öllum gerðum, afmælisútgáfur, mismunandi stimpla, misprentanir og blæbrigði í frímerkjalit geta þá allir fengið eitthvað við sitt hæfi að Kjarvalsstöðum.